

HEIMIR

ÚTGEFENDUR

NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI

III. ÁRGANGUR



WINNIPEG, MANITOBA

PRENTSMIDJA GÍSLA JÓNSSONAR, 582 SARGENT AVENUE

MCMVI

HEIMIR

ÚTGEFENDUR

NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI

III. ÁRGANGUR



WINNIPEG, MANITOBA

PRENTSMÍÐJA GÍSLA JÓNSSONAR, 582 SARGENT AVENUE

MCMVI

E F N I S Y F I R L I T.

Bls.

| | |
|--|-------------|
| Áðsendar vísur. Jónas Hall..... | 152 |
| Afsökun hins skuggsýna, sbr. „Milli lesmáls og ljóða“ | |
| Áfram eða afturábak. Guðm. Árnason..... | 119.—20 |
| Á undan upplestri kvæða í gamtlárgildi, sbr. „Milli lesm. o ljóða“ | |
| Barnaþula. Tóki | 256—6 |
| Björn Halldórsson (æfiágrip m. mynd) sbr. „Nokkrir Fornmenn“ | |
| Brynjólfur Brynjólfssson “ “ “ “ | |
| Eftir Jól. sbr. Milli lesmáls og ljóða..... | |
| Eloi, Eloi, Lama Sabachthani (Kvæði) St. G. Stephanson | 25—8 |
| Eyjólfur Eyjólfsson (æfiágri. m. mynd) sbr. „Nokkrir Fornmenn“ | |
| Fegurðarhugsjónin. Ræða..... | 242—55 |
| Fjallgangan (saga) Norðlingur..... | 178—84 |
| Frjálstrúarpingeð í Róm, St. Sigfússon..... | 82—86 |
| Fyrsta ártal sögunnar. (próf. J. H Breasted). Þýtt | 125—34 |
| Fyrsta vetrarkvöld, sbr. „Milli lesmáls og ljóða“ | |
| Haust eða hækkandi skuggar..... | 134—42 |
| Himrik Ibsen (með myndum) | 47. 49—54 |
| Himinn og Víti. Stefnán Sigfússon..... | 22.—4. 37—9 |
| Hin heppilega afstaða Unitara (Fyrirl. eftir próf. | |
| F. G. Christie). Guðm. Árnason þýddi | 97—107 |
| Hin nýja trú. Stefán Sigfússon | 108—112 |
| Horfur frjálsra trúmála..... | 257—62 |
| Hvað sé eg? (Kvæði). Viðar..... | 262 |
| Íslenzki fálkinn (Kvæði). Þorst. P. Þorsteinsson..... | 177 |
| Júdas (Georg Brandes) Sigtr. Ágústson þýddi | 12—18 |
| Kaffisöluhúsið í Súrat (Saga e. Tolstoy) B. Bétursson þ. | 267—73 |
| Kafla úr bréfi. Sig. Júl. Jóhannesson..... | 168 |
| Leiðréttigar | 207 |

| | |
|---|-----------------------|
| Leiðtogarnir og blöðin..... | bls. 153—60 |
| Lesarinn (Saga eftir Maxim Gorky). | |
| Kristinn Stefánsson þýddi..... | 55—61—86—95 |
| Lestur (Georg Brandes), eftir „Fjallk.“..... | 188—200—210—17 |
| Ljósíð og Mælikerið | 160—63 |
| Loftkastalar (Visur) Reginn..... | 95—96 |
| Milli lesmáls og ljóða (Kvæðaflokkur) | |
| Stephán G. Stephansson.....1—3. | 145—52. 209. 233—36 |
| Móðurmálið (Visa). Viðar..... | :..... 61 |
| Niels Finsen, sbr. „Milli lesmáls og ljóða“ | |
| Nokkrir fornmann (æfíagr. m. myndum) | 170—6, 216—26, 274—76 |
| Nýr Jónas og hvalur..... | 144 |
| Ólafur Ólafsson (með mynd,) Fr. Swanson, „Nokkrir Fornmann“ | |
| Pistill Einars Hjörleifssonar í „Norðurlandi“..... | 208 |
| Sameiningin og Dr. Edw. E. Hale Jr. | 19—22 |
| Sigurbjörn Stefánsson (með mynd). Kristinn Stefánsson | 263—6 |
| Sigurinn (Saga eftir Vetle Vislie). Jón | |
| Jónsson frá Sleðbrjót þýddi..... | 227—32—, 237—41 |
| Skammdegisþankar (Kvæði). Kristinn Stefánsson.... | 169—70 |
| Skammsýni (Kvæði), sbr. „Tvö kvæði“ | |
| Skyrtusöngur (Th. Hood). Sig. Júl. Jóhannesson þýddi | 185—7 |
| Sólsetur (Visur). Reginn..... | 96 |
| Söngur Valsins (Saga e. Max. Gorky) Kristj. Stefánsson | 112—17 |
| Tilboð prestsins (Saga eftir Whitechurch) Þýdd..... | 200—7 |
| Til Heimismanna (Kvæði), sbr. „Tvö kvæði“..... | |
| Til trúarstyrkingar. Eftir „Þjóðviljanum“..... | 47—8 |
| Til Unitara (Kvæði). S. B. Benedictsson | 19 |
| Tvö kvæði. Sig. Júl. Jóhannesson..... | 142—44 |
| Undiraðfall, sbr. „Milli lesmáls og ljóða“ | |
| Úr trúarsögu Forn-Íslendinga, (Skírnir) Helgi Pétursson | 62—82 |
| Var heimurinn skapaður á sex dögum? (úr Bibl. World) | 121—25 |
| Veðrabrigði (Kvæði). Kristj. Stefánsson..... | 118—19 |
| Vegna hvers erum vér Unitarar. II—III..... | 3—12. 29—37 |
| Vestur og að Vestan (Ferðasaga) Sr. M. J. Skaptason | 40—47 |
| Það sem allir álíta..... | 163 |
| Þjóðveldi (eftir Dr. Edw. E. Hale). Þýtt..... | 164—70 |

HEIMIR

III. árgangur

WINNIPEG, 1906.

1. blað.

STEPHAN G. STEPHANSSON:

Milli lesmáls og ljóða.

Herra ritstjóri Heimis!—

Pú lézt mig skilja, að það væri eyður í „*Milli lesmáls og ljóða*“.— Í vorið sem var, slæddist til minn eitt blað af Ísafold; í því voru eftirmæli, um Finsen heitinn ljóslækn, eftir Drackmann gamla Dana-skáld. Eg hálflærdi þau, eður meira; svo löngu seinna, einhverja stund sem eg gat setið auðum höndum, lék eg mér að því að rispa þessi eftirmæli á blaðsnepil með bly-stíl, en á íslenzku. Nú las eg aftur úr þessum rúnum, og þarna er þýdingin. Ísafoldar-blaðið er nú horfið, og danskan í því gleyind; en þetta, *sem eftir varð*, er þér velkomið, ef þú vilt. Við efnið held eg hafi haldið, en aldrei ætlaði eg, að eg myndi ná hinum „vaggandi vatnsklið“ í vísunum hans Holgers. — Það má líka kveða öll „Bjarkamál“ við íslenzkt fossafall—....

*„Saa sov han ind med et Smil om Mund
Uden Trommer og Drøn af Granater.“*

HOLGER DRACKMAN

Án stórkotahríðar og hernaðarbrags
og hergöngulags
þar hné hann nú --brosandi' ið hinsta sinn--
sá hertoginn:
Í dauðsærðra fylking sem foringinn var
og fóstbróðir þar!

Frá lýsing til rökkurs þeim liðsinti bezt,
og leið með þeim flest.

Með voninni stóð hann gegn myrkranna mátt,
bar merkið sitt hátt.

Sjálft ljósið sér skaut kringum skürunginn þann
í skjaldborg um hann.

Hann kannaði val þann, sem vanræktur lá,
og voði' er að sjá.

Hann banasár græddi og annara und
að útfararstund,

Þó sárt honum blæddi til ólífis inn
um áverkann sinn.

Því aðstoð og mannbjörg var umsýsla hans,
ins árvaka manns — —.

Þú lýður, sem herguði hefur við ský
og hávegu í,

kom, hneigðu þeim lifgjafa', er liggur hér nári
jafnt lágar og hár.

Slá bálköst úr lifandi ljósgeisla kranz
um líkfjalar hans!

Það hné ekki' um Norðurlönd — herjum fræg öll —
nein hetja svo snjöll.

Og nafnið hans Finsens er frægðinni hrós
og framtíðar ljós!


Til skálds.

Eg veit þú ert skáld — og sem við hesir brunnið;
með vísunum hvergi þig hrepplegan unnið,
og úr því ei gustuka gistingin bætti
hjá Gamaldagsvenju og Óaldarhætti.

Við hjúanna önugleik, ónot og þyrkja,
hjá Ýirvaldsgorgeir og Ífræsnarakyrkju:
þó húsviltur fyllir þú fátaekrasjéðinn,
og fálega viðtöku ofborgi ljóðin.

En lát þér ei bregðá—því barn er þar inni:
in blundandi Frantið, í vöggunni sinni.
Og áður þú kveður og skundar á skóga,
æskildu eftir gull í þeim sofandi lófa!

Á legg dregst hún bráðum, hún vex eg hún vaknar,
hún varðeitir hnoss það, og gefandans saknar.—
Við þursfamaunsfletið þitt verða þá verðir,
um verðgönguslóð þína pílagrimsferðir!—



Vegna hvers erum vér Unitarar?

II.

I síðasta blaði ihuguðum vér þessa sömu spurningu. Mál-efni vort var ekki meira en hálfraett þá. Það, sem oss aðallega virtist vera ástæðurnar fyrir trúaráfstöðu vorri, eins og hún er, var nefnilega það, hve ómögulegt væri að hafa aðra skoðun á hlutunum. Hve alldarsar vort nú hefði kipt nörgum stöðum í burtu undan hinni fornu orþodoxu skoðun, svo að með því að halda sig við þá skoðun nú, væri svo fjölda margt fallið burtu, er áður þóttu óyggjandi sannindi, að í því væri engin andleg eða vitsmunaleg nautn eða huggun eða von, að halda sig lengur við það sem eftir væri.

I fám orðum voru ástæðurnar þessar þjár: Fyrsta, að vér lífðum nú á 20.öld, og því 20.öldum lengra fram á tíma en þegar kristnir fyrst varð til. Annað, vér tryðum á 20. aldar verk,

hugsnuðum, lifðum og hrærðumst innan annara vébanda og takmarka en tíðkuðust fyrir tvö þúsund írum síðan, er breytt hafa þæði útliti heimsins, ytri kringumstæðum vorum og þekkingu vorri á náttúrunni og afstöðu gagnvart henni. Fyrir þessa ástæðu skoðast jördin ekki lengur sem miðdepill sküpunarverksins, eins og hún er kend og skoðuð í hinu' forna trúarkenningakerfi. Þróðja, vér treystum á sannindi þessarar aldar verka. Um þetta atriði höfðum vér ekki tíma til að fara neina örfáum orðum síðast, og skulum vér því athuga það gjör nú.

Vér treystum á sannindi þessara verka. Og það er þá fyrst að vér treystum þeim af því vér getum ekki gengið úr skugga um virkileik þeirra hér á meðal vor. Að þau séu ekki tómar missýningar eru um vér eins sannfærð um og að vér eru lífandi verur með sjón, heyrn og sannfæringu. Til dæmis, nútsð vor hefir tilbúið hægri og greiðari samgöngufæri en áður tíðkuðust, og undirstöðuatriði það, sem þessi samgöngufæri eru smisðuð á, eru lög sem eru ráðandi og ríkjandi í náttúrunni, og fyrir leitan og námfýsi einstakra manna nú fyrst á þessum tímum orðin kunn. Að samgöngufæri þessi sé virkileg, getum vér ekki efað. Vér höfum ferðast með þeim, með þeim koma nauðsynjar vorar, aðrir menn af fjarlægum stöðum hafa flutzt með þeim, með þeim eru sendar afurðir vinnu vorrar, við þenna sérstaka flutnings iðnað vinna þúsundir manna.

En lögmál það, sem þetta sérstaka verk nútíðarinnar styðst við, og sem með þessari uppgötun er svo ótvíraðlega sannað, að vér getum ekki efast um að eilífu nóni, gengur í beina mótsögn við þau lög, sem latin eru vera verkandi innan náttúrusíkisins í þeim sögnum, sem hin forna trúarskoðun styðst við. Þar þekkist ekki myndbreyting af einsins, úr einni mynd í aðra, einni tegund í aðra. Þar þekkist ekki eðli hreyfingarinnar, með hverju móti fólk eða hlutir berast af einum stað á annan, né hvaða að útheimtist til þess að berast með voða hraða af einum stað á annan, né að það hafi nokkrar vissar verkanir á menn eða skepnur, er fyrir því verða. Pannig líða menn gegnum loft og láð örara en elding lýstur, og fara gegnum eld og vatn án saka.— Annað hvort menn að efa, —það sem þeir sjá nú og þekkja

eða hitt, sem sagt er frá og ekki nokkrir kunnir eiginlegleikar tilverunnar geta gjört sennilegt eða jafnvel mögulegt. Og það gengur öllum ervitt að efa það, sem þeir hafa sýnilega reynslu og sannanir fyrir, til þess að geta trúð því sem þeir hafa enga þekking eða hugmynd um að hafi getað átt sér stað. Sagan af Jónasi spámanni, af þeim þremur í eldofninum, þeim Shadroch Mesdrach og Abed Nego, er komust út óskemdir eftir langa dvöl mitt í eldslogunum, verður næsta ósennileg og ótríleg, eða þá loftferðir postulanna og spámannanna. En það sem þó markverðast er af öllu, er það að einmitt þessir atburðir sem nefndir eru kraftaverk, og í alla staði óhusanlegir, eiga að vera aðal sönnunaratriði hinnar fornu kenningar, vitna um guðómleik og guðlegan uppruna þessara sagna.

Í barnalærdómi vorum, er vér flest höfum lært, stendur, að spádómarnir og kraftaverkin vitni um óskeikulleik og guðómlega opinberun trúarkenninganna. En þannig lögus ð kraftaverk vitna ekki um guð. Það eru verkin, sem orsakast af lögum þeim, er ráða og ríkja í náttúrunnar heimi, sem vitna um hann. Og þau eru kraftaverk. Þau eru þau sönnstu og mikilfenglegustu kraftaverk, sem mannlegur skilningur fær gripið og gjört sér í hugarlund. Hinrar öfgarnar eru mannlegar smíðar orsakadar af barnalegu þekkingarleysi og ógreinilegri hugmynd um guð.—

En fyrst vér mintumst á kraftaverk, þá skoðum önnur verk, sem þessi öld hefir í ljós leitt, og sem vér treystum sem sannindum. En það eru undirstöðuatriði þau, sem hjúkrunarfræði þessara tíma byggir á. Sjúkdómar stafa frá veiklun líffæranna, er orsakast af broti gegn einhverju því lögmáli, þekktu eða óþekktu, sem líkamseðli vort styðst við. Og það er eðli líkama vors og hinna ýmsu líffæra að lækna sig sjálf, ef að eins þau fá ráðrúm til þess, og skilyrðin eru þannig lögus, að þau geti það. Og þar í er fólgin hin læknisfræðislega þekking, að gjöra skilyrðin þannig. Á þessu hvílir öll hjúkrunarfræði nútímans, allar þær lækningar, öll sú bót meina, sem mönnum hefir tekist að gjöra. Og reynslan virðist vera búin að sýna það, að undirstaða þessi sé rétt. En til forna voru öll mein skoðus sem verkanir

illra anda, lækningin var með særingu eða seremoniu þvotti eða handaysírlagningu. Sjúkdómar voru djöflar og menn voru djöf-utlöðir. Naaman sýrlenzki læknast af holdsveiki með því að þvo sig í ánni Jórdan. Jesús er sagður lækna blindan og heymar-lausan með því að brækja í sandinn og rjóða leðjunni á augu hins blinda manns.

Þar eru það orðin og athafnirnar, sem lækna, en ekki ásig-komulag það, sem líffærnum er komið í, er svo samkvæmt eðli sínu ná heilbrigði-sinni aftur. Það eru kraftaveik, oss er sagt guðdómleg kräftaverk. En það er ekkert þvilikt. Það er hjá-trú, aumasta hjátrú og heimska. Guðdómlegu kraftaverkin eru alls annars eðlis, eru öll önnur. Hvernig læknar guð? Hvernig gróa sár vor? Ekki með sandi né árvatni, heldur samkvæmt eðlisfari likama vors. Sárið fyllist, blóðið ber þangað næring-arefnið, grðrarsmyrslíð, guð segir sárin á þann hátt, og vér verðum heilir á ný. Lífið sjálft, þetta eilífa dularfulla eitthvað, starfar að því, samkvæmt hinni upphaflegu ákvörðun, að lækna sig sjálft, finna meinum sínum bót, eins og það leitar að uppfyllingu alls þess, er það þráir, vonar og krefst frá tilverunarr hendi. Það er furdúverkið og kraftaverkið, sem er endurtekið hverja einstu stund um allar aldир, sem líf hrærist á jörðunni.

Þessi tvö dæmi nægja til þess að sýna, hvað vér eignum við með því, að trúa eða treysta á sannindi verka þeirra, er þessir tímar hafa hafið, og sem koma í beina mótsögn við hinar eldri sagnir og með öllu aftaka, að þær geti verið sannar eða hafi átt sér stað. Og því, eins og vér höfum lauslega bent á, með því að trúa sannindum þessara verka, að þau séu virkileg, ekkert tál og engin missýning, þá hljótum vér fyrst af öllu að segja skilið við hinar eldri skoðanir sem aldirnar á undan hafa haft, hvað meira sem vér gjötum. Vér getum ekki annað. Og svo aftur þar næst, ef vér ætlum að eignast lifsskoðun, ef vér ætlum að gjöra oss grein fyrir hinum dularfulla og lotningarverða og aðdáunarlega alheimi, með öllum hans margbreytilegheitum ef vér ætlum að gjöra oss grein fyrir vorri eigin tilveru og lesa nokkra þýðing út úr því lífi, sem vér lifum, hljótum vér að komast að því takmarki, sem hin únítariska trú bindur sig við.

Vér erum þá Unitarar hvort sem vér berum það nafn eða ekki hvort sem vér óttumst það orð eða ekki.

Pessar þrjár ástaður, er vér höfum þá talið, eru aðallega þær gjöra það að verkum, að vér erum Unitarar og að vér getum ekki verið neitt annað, og um leið benda þær á, að sú skoðun er mjög ákveðin stefna og fult eins rík af trú og lotningu fyrir gæzku og réttvísí hins starfandi almættis og nokkur skoðun hefur nokkru sinni verið. Það sýnir að vér treystum því, að vér séum ekki sett hér í nokkurt missýningaland, að vér efumst ekki um að guð með því að veita oss skilning og skynsemi hafi gefið oss þann leiðarvísir yfir æfileiðina, er hann hafi ætlað oss að nota, þann leiðarvísir, sem aldrei fyrnist í mannheimum, heldur endurnýjast altaf kynslóð eftir kynslóð, öld eftir öld og fullkomuast í náð og sannleika. Það er hin sama fullvissa trú og er hjá skáldinu í hans guðdómlega erindi: „Og samt gengur jörðin. Því ég hefi þá trú, að það jafnist vort stormóða haf. Og að sjón vor sé rétt og til sannleikans brú. Pessi sjón er oss eilífðin gaf“. Já, pessi sjón er oss eilífðin, lífsreynsla mannafránum að þessum tíma gaf. Og vér þarfum ekkert að efast um það að sú réttasta sjón er sú sem sér guð í og með sínum verkum á sem náttúrlegastan hátt, laust við öll undur og býsn, sem draumsýki og fáfrædi mannafránum hefir smiðað. Og þeirri trúarhugsjón manna, er reynir til þess að viðhalda því sem trú, er nútíð vor hefir gengið svo afarlangt fram fyrir, innan um þann sannleika og guðdómlega þekking, sem mönnunum hefir veizt, er sannast lýst eins og hið sama skáld kveður: „Upp í ómælis tómleikann teygir þú snaud þína turna við skýjanna rof.... Nú er hálfsþumlunga smáblómið himninum nær, báðum háturnum þínnum við ský. Nú er hjartaslag barnsins ei hæðunum fjær, en þeir hásöngvar kór þínum í“. Ekki fjær, heldur miklu, miklu nær, því hásöngvar þeir sem hæða framför og skynsemi mannafránum barna, hæða guð og gjöra spott að hans göfugasta ákvæði, sjálfs meðvitund mannsins og viti. – „Hversu vesæll er heimurinn sakir hneykslananna“, sagði Jesús, en þó getur ekki hjá því farið, að hneykslanir komi. Þær hneykslanir hafa aldrei verið tifðari en nú, menn eru að

reyna að hneykslast á skynsemi, á viti, á fræðslu, á sannleika. En þær hverfa með tímanum þessar hneykslanir. Þær hljóta að gjöra það. Þegar það skipulag kemst á að lærisveinarnir ræða ekki lengur sín á milli um súndeig Fariseanna, og meina að það sé matarfordinn, er þeir hafi ráð á, þá smá hverfur öfugstremi þessara tímamóta, og það er þegar farið að votta fyrir því.

En svo eru fleiri ástæður en þessar, sem orsakast fyrir afstöðu vora í þessum nútíðar heimi, er gera það að verkum, að vér erum Unitarar, og það er fyrst vor eigin sjálfs meðvitund og þekking, þótt ófullkomin sé, enn sem komið er. En su þekking hefir tekið jafnmiklum breytingum eins og þekking vor á hinni ytri náttúru. Í fyrsta lagi mætti tilfæra í þessu sérstaka atriði hina núverandi skoðun um uppruna mannsins á jörðunni. Hin gamla kenning segir hann skapaðan alfullkomin og heilagan nú fyrir rúnum sex þúsund árum síðan. En fyrir lítlifjörlegt atriði fellur hann úr því ástandi undir bann grimmara og hörmulegra en það, er nokkurt dýr litir undir, en hinn allra vesalasti ormur jarðarinnar skrifður í. Hann verður ofurseldur synd, *hugmýnd*, sem táknað það, að hann getur ekki öðruvísí lifað en sækjast eftir að vilja ætið hið illa á undan því góða upp frá því. Og þetta ástand gengur í erfðir mann frá manni, kyni til kyns.

Aftur á móti eins og nú er finnum vér fyrst og fremst ekki til þessarar tilhneigingar hjá sjálfum oss. Ef vér skoðum huga vorn og hjartalag, þá er ekki eitt einasta mannsbarn er heldur kysi ekki hið góða, ef hann vissi að það væri gott, svo langt og langt fram yfir það illa. Synd sem erfð og eiginlegleiki, orsakað af fortíðarfalli og yfirsjón mannkynsins, *er ekki til*. Vér brjótum oft og einatt, gjörum rangt, svívirðum vora betri vitund með slíkum gjörðum, en það er af ranímskakkri skoðun og útleggning á því hvað vér öðlumst fyrir það brot, að vér höfum vor um eitthvað enn meira og stærra gott fyrir vikið, en ekki það að vár viljum og sækjumst eftir því sem illt er fyrir hins illa skuld.

Oft og tíðum orsakast brot vor og misgjörðir af hugleysi.

Vér þorum ekki að treysta hinu góða alveg skilyrðislaust, og að það veiti oss sitt endurgjald, og svo viljum vér reyna að finna skáleid, skemmti veg yfir að endurgjaldinu og helst reyna að ná því án þess vér hafið unnið til þess—að ná því fyrir ekkert. En það er eitt eilist lögmál, að eins og ekkert getur orðið til úr engu, eins getum vér ekki eignast nokkuð fyrir ekkert.

Flestar meingjörðir manna má rekja til þessara upptaka. Það er það sem hver nútíðar síðalærdómur viðurkennir, en ekki til nokkurs syndafalls. Og með þessa meðvitund í hjarta verðum vér svo að velja, velja milli hinna eldri skoðana og kenninga, sem í eðli sínu er altaf að fára manninn lengra og lengra aftur á bak, fjarða guði og sannleikanum og hinnar, sem er talandi vottur í vorum eigin samvirkum og hinum ytri þroska og framsför manna. Og ef að vér megum treysta þeirri „sjón sem oss eilifðin gat“, er vér lítuð á nittúruna í kringum oss, hví skyldum vér þá ekki mega treysta henni einnig, er vér lítum á vort eigið andlega ástand og upplag. Ef sú sjón er til sannleikans brú í hinu fyrra tilfelli, því þá ekki hinu síðara. Vér hljótum, ef sannleiksást vor er ekki sofin eða dauð, að treysta þeirri þekking sem vér höfum fram yfir þær getgátur, er áður voru kendar. Vér hljótum frekar að fára eftir því upplagi, er vér finnum hjá sjálfum oss sem sannari útleggning á mannlegu lífi, en því sein sagt er tillitslaust til mannlegrar tilveru, en að eins til þess að falla inn með í vissu kenningakerfi, er útskýrir heiminn og alt það sem í honum er á rammögugan hátt. Vér getum sem 20. aldar menn ekki aðhylzt hina orþodoxu syndakenning, gagnstríðandi eins og hún er allri sálarfræðislegri þekking á upphafi manna. Skoðun vor þar er því í samræmi við únitariska kenningu. En svo bætist þar við enn annað, er vér athugum uppruna mannsins, sem styrkir oss í þessari trú. Fyrir sexþúsund árum, segja heimildarrit orþodoxfunar, skapaði Jahve Elohim manninn eftir sinni mynd og líkingu. Karlmann og kvennmann skapaði hann þau. En nútíðar rannsóknir hafa rift þessari sögu. Fyrir 10,000 árum síðan var jörðin kvík af mönnum. Heilar

þjóðir með lögbundinni stjórn, verkfræðislega þekkingu, svo að þeir gátu bygt borgir og bæi, steinhallir og musteri, er jafnvel byggingarfræði vorra tíma hefir ekki meira en komist til jafns við enn þá. Þjóðir sem ræktuðu landið, áttu víðlenda akra, unnu námur, steyptu leir, tömdu dýr sér til aðstoðar og ótu klæði. Þjóðir sem það langt voru komnar, voru þá til. Og það eitt sannar að mannfólkis hlaut að vera mikið eldra, því þá fyrst varð það ekki til. En svo bætist og þar við það, sem líffræðingar nútímans hafa fyllilega sannað, að sem maður hefir maðurinn aldrei verið skapadur í sérstakri mynd.

Lífið á jörðunni er eining, ein heild út af fyrir sig, og af hinni einu og sömu lífsmynd eru ekki eingöngu allar þjóðir jarðarinnar runnar, heldur og öll dýr og allar jurtir. Og hvað lengi slíkt hefir verið að myndast og taka á sig það form, sem nú hefir það, er öllum svo hulin gáta, að naumast er hægt að hugsa sér þann tíma er lífið var ekki til í einhverri mynd, og það furðuverk tegunda sem nú er, var í undirbúningi. Hin sérstaka sköpun mansins, og það í guðsmynd, fellur sem ómerk saga, er vér tökum þetta til greina, og þar með saga um syndafall og ótal margt fleira.

Það eru gróf mótmæli og ekki frí við spott, orð skálðsins, að ef vér viljuin halda oss viðhina fornu sögu um sköpun mansins í guðsmynd, samhliða framþróunarlögmálinu, að þá verðum vér að leita guðsmyndarinnar þar sem fyrst mannsmyndin byrjar hjá apanum. En það eru vist færri, sem kjósa að kaupa svo dýru verði viðhald þjóðsagna umliðinna alda. Eg segi, kaupa svo dýru verði, það er dýru verði keypt, að svívirða og litillækka til jafns við fáfengilegt dýr hugsjón sína um hið æðsta og fullkomnasta. Ímynd sannleikans, réttlætisins og kærleikans.

En svo er og enn ein ástæðan, en það er bæði nútíðarskoðun og þekking manna á guði. Og það hvorttveggja neitar sannleiksgildi hinnar fornu kenningar um manninn. Það sem orsakar syndafall og á að vera orsókin til allra mannanna meina er svo auvirðilegt, og fáfengilegt boð að jafnvel það væri ó-

samboðið jafnvel fávísum og voluðum aumingja að hafa skip-að það. Adam og Eva er leyft að eta af öllum trjánnum í Eden nema af einu. Og svo eta þau af þessu eina og það kostar, hvað? Brottrekstur þeirra úr sélunnar heimkynni, og meira eilífa bólvin, sem fellur yfir þau og alla menn um allar aldir, og meira, guð sjálfur er láttinn bólva sínu sköpunarverki; hann bólvar Adam og hann bólvar Eva og öllum þeirra afkvæm um, og leggur mannfólkini á herðar þraut og þjáningsar þaðan í frá, og meira en það, hann tilreiðir þessum máttvana börnum sínum eilífan kvalastað, þar sem orinurinn deyr ekki og eldurinn slokknar ekki. Ungir menn og gamlir, börn og meyjar, konur og karlar, alt fer hina sömu leið. Og af þessu fáfengilega athæfi hlýst enn meira, Til þess að alt drottins dísamlega verk verði ekki að engu, má hann sjálfur til að fæðast hér í heim sem maður og líða þjáningsar til dauða.—Slik hugsun er svo heimskuleg og barnaleg, að undrún særir. Og þó eftir því sem vér þekkjum guð gegnum hina ytri náttúru, verðum vér alls annars varir. Þar er hann guð sætfýsinnar og friðarins. Ef vér brjótum þar hans lögmál vinnur það á móti oss að eins um þá stund, sem vér stríðum á móti því, strax og vér hlýðnumst því, vinnur það með oss. Engin hefnd, engin illur hugur er þar nokkursstaðar sýnilegur. Og svo í öðru lagi, þegar vér virðum fyrir oss dásemdir þessa heims, hina djúpu speki, sem alstadar ræður, þí vottar það ekki um guð, sem leikur sér að litlsvirðingunni eða hártogun eða hrekkjabrögðum eða gabbi. Guð sannleikans og alheimins er enginn spottari. Gefur ekki út þau boð sem eru hádung og hefnir með grimd þess sem er einskis vert.

Hugsjón vor á guði, sú sem heimurinn bendir til og lífs-reynsla manna sjálfra, eyðileggur strax hjá oss öllum trúna, virðinguna og sannsæringuna fyrir hinum fornu þjóðsögum. Vér sjáum hann alls annars eðlis, alls annars huga, í allri annari afstöðu við menn en þar er lýst. Og vér getum ekki að því gjört, að alt í heiminum bendir til þess að það sé sannari skoðun á honum en hin ófullkomnari og eldri, og vér hyllum hana og göngum þeim konungi sannleikans á vald. Og með þá hug-

sjón fyrir augum öðlast maðurinn að æðra gildi en ádur. Vér lesum hið ytra úr náttúrunni um æsiferil hans, og hið innra í sálum sjálfra vor um framtíð hans og tilgang. Vonir vorar þrá og löngun eftir betra og fullkóinnara lífi verður að fullvissu fá-anlegri í komandi tíð, strið vort og strit í þarfir þess sanna verður að hyrningardeini undir framtíðar byggingu mannlegrar sælu. Guð ríkír yfir heiminum gegn um manninn og maðurinn lifir heilögu og hamingjusömu lífi í samfélagi við guð. Það er takmarkið og að því á öll sönn trú og lífsskoðun manna að vísa til.



Júdas.

Eftir GEORGE BRANDES.

Misskilningur og tortryggni hafa ætíð verið hlutskifti allra þeirra manna, sem hafa skarað fram úr öðrum.

En af öllum miklum mönnum, sem sagan getur um, er Júdas sá sem orðið hefir fyrir langósanngjörnustum dómi. Af því nú einmitt um þessar mundir, að sænskur rithöfundur nokkur hefir gjört Júdas Iskaríot að umtalsefni og þar leitast við að gefa nokkurskonar skáldlegar útskýringar eða lýsingu á honum. Þá ætti það að vera leyfilegt að segja nokkur orð í vil manni þessum, sem um svo langan tíma ranglátlega hefir orðið fyrir niðrun, og tortryggni, og að hreinsa minningu hans af öllum þeim misskilningi og álygi, sem nú í tvö þúsund ár hefir flekkað hana.

Tilraun sú, sem eg hér ætla að gjöra, er hvorki meira né minna, þó seint sé, en gagnger uppreist á æru, svipað tilraumum þeim, sem á þessari öld að Stahy o. fl., hafa gjört við-víkjandi Tiberíusi, og Gregorius við-víkjandi Lucrezia Borgia.

Að Júdas algjörlega hafi verið hafður fyrir rangri sök, um

það eru nú fjöldamargir hinna merkustu og áhrifamestu manna samt ðarinnar samdóma. Og í hvaða landi átti þessi sannleiki ótrauðlegar að vera boðaður en einmitt hér, þar sem hann, ef til vill fyrst var uppgötvaður, og margir hinna nafnkendustu manna hafa orðið hrifnir af alvöru og mikilleik þessarar persónu.

Nú um langan tíma hefir hérlandum fræðimönnur svo sem Kierkegaard o. fl. litist þannig á blikuna, að í ströngum skilningi, þá hafi kristindómshugsjónin efturbreytnislega aldrei náð að festa rætur hér í landi.

Eins og kunnugt er, þá gekk Kierkegaard svo langt í sinni sérkennilegu skoðun, að halda því fram, að kristindómurinn sjálfur hafi aldrei komist inn í heiminn, nema sem fyrirmynnd.

Hvað Danmörku viðskur, þá er því nú þannig varið þar, að hann sem í jötunni fæddist, hefir altaf verið hin embættislega viðurkenda fyrirmynnd við allar guðsþjónustur; en aftur á móti hefir fyrirmynnd sú, sem meginþorri hins svonefnda heldra fólks þar hefir tekið sér til efturbreytnis raungerðarlega í daglega lífinu, orðið alt önnur. Það er ekki meistarinn, heldur eftirdæmi eins postulans, sem fest hefir rætur í hug og hjarta hjá kjarna háttstandandi manna hér í landi. Það getur því ekki dulist athygli nokkurs óhlutdrægs manns, að Júdas er sá af postulunum, sem öllum öðrum framar hefir fengið lærисveina. Líti maður vel í kringum sig, þá mætir maður honum hér og þar innan vébanda mannfélagsins, í bókmentum, stjórnmálum og yfir höfuð alstaðar. Prátt fyrir það er hann smánaður, úthrópaður og svívirtur af kyrkjunni, hæddur af gjálífinu, úthúðað sem liðhlaupa, syrirlitinn semi afneitari þess, sem í æskunni var honum helgast og kærast, ber hann samt altaf jafnhátt höfuð, og með þeim sama tignarleik, sem einkennir flesta mikilsmetna menn.

Þar sem því er nú þannig háttað, að þessi postuli er sá eini, af þeim öllum sem eignast hefir langfesta fylgjendur, þá er það auðsætt, að Júdas er sá af öllum þeim, sem orðið hefir fyrir lang-ósanngjörnustum dómi. Mannorð hans hefir auðsjáanlega verið nokkurskonar leiksoppur í höndum andstæð-

gan hans. Saga hans hefir verið rituð af óvinum hans. Eftir því sem tímar hafa liðið, virðist, eftirdæmi hans hafa haft meiri áhrif en allra hinna postulanna.

Því er ekki hægt að neita, að Júdas skifti um skoðanir að hann varð með aldrinum alt annar maður, en hann var í æskunni. En á slikt sér ekki þstað nú á tímum með margar heiðarlega menn, já, ýmsa ágætis menn, svo sem skáld, rit höfunda og stjórnmálamenn?

Hversu margar óréttlátar og ósanngjarnar sakárgiftir hafa ekki verið bornar á Júdas í tilefni af þessu.

Júdas skifti um sannfæringu, og hvað svo meira?

Hafa ekki ýmsir af vorum ágætustu stjórnmálamönnum ýmsir af helstu skáldum vorum gert nákvæmlega hið sama? Hafa ekki heilir flokkar og hópar fólks gert hið sama? Hafa þeir ekki einnig orðið að þola hróp og háðungaryrði fyrir það, að þeir hefðu svikið og kastað fyrir borð hugsjónum sínum og skoðunum, fótum troðið það sem þeir í æskunni elskuðu, tignuðu og tilbáðu? Tökum annað dæmi. Þegar Estríup og Scavenius lýstu því yfir 1866, að grundvallarlög landsþingsins skyldu ekki hafa hin minstu áhrif á fjármálalögjöf þjóðþingsins, skyldi þeir ekki hafa verið álitnir jafnheiðarlegir þá eins og nú, er þeir halda fram algerlega því gagnstæða?

Sannarlega er það engin sálarfræðisleg skýring eða rannsókn á Júðasi, þó þetta orðagjálfur sé um hanni notað. Hann sveik það sem honum var helgast og kærast af öllu. Sveik! Þvílikt orð? Hann öðlaðist að eins nýjan sannleika!

Nýjustu rannsóknir og uppgötvanir hafa varpað nýju ljósi yfir þessa stórfeldu persónu; þær hafa fengið oss lykilinn að þroskunar og framfarasögu haús.

Það hefir sannast að ástæðurnar og tildrögin til atferlis hans voru innjög margvísleg.

Snemma í æsku var hann sósíalisti. Hin kristilega sammegnarkenning, félagsseign meistarans og lærisveinanna laðadi hið unga hugarfar hans að sér. Hugfanginn gekk hann í þenna félagsskap. En jafnframt því sem hann eltist og fékk meiri andlegan þroska, fór hann að hugsa um þessar hagfræðisgrund-

vallar kenningar, innleiddar og almennt viðteknar í hinni stóru þjóðfélags heild. Hin volduga hugmynd eignaréttarins kom þá til greina í huga hans, og hann hörfaði óttaslegin til baka. — Vér höfum sjálfir séð atvik mjög svo lík þessum. Stofnendur "hins nýja Sósíalista" er dæmið.

Ein helsta ástæðan, sem til þess leiddi, að hann fór þannig að ráði sínu, var einnig sú, að eftir því sem hann eltist varð hann alt af meira og meir fráhverfur siðvenjunum oa háttum Gyðinga. Þjóð sú sem hann bjó með og yfir höfuð hafði alt saman við að sælda, voru einungis Gyðingar, en samt sem áður var ýmislegt það í háttum þeirra og siðferði, sem hann ekki gat felt sig við. En hann var nú sjálfur af Gyðinga ættum, munu menn segja. En til þess að ónýta þá mótbáru, nægir að nefna einn atkvæðamann, Jakob Davidson; það sama á sér stað með hann. Það er alls enginn drottneri til yfir meðlísun og óbeit.

Eins og oft á sér stað á meðan maður er ungar, hafði hann lítilsvirt ýmsar trúarsetningar oft jafnvel haft ýmugust á ýmsu í guðsdýrkunarfarinu Gyðinga, t. d., helgi hvíldardagsins o. fl. Hann var mjög hrifinn af lítilsvirðingu þeirri sem lærisveinarnir sýndu ýmsum trúarkreddum Gyðinga, og tók þátt í að hrópa til hinna skriftlærðu; Þér eitumorðar! En fljótlega varð honum það ljóst, að það sem postularnir mundu draga út úr kenningum meistarans þýddi hvorki meira né minna en algerða kollvörpun hinna gömlu trúarþragða. Þar sem hann nú var að upplagi shaldsamur, gat hann ekki séð hvað gott gæti af því leitt og fékk vantraust á hverskonar nýbreytni. Nú varð friður og hlýðni einkunnarorð hans. Nú sá hann líka Fariseana í alt öðru ljósi. Hann sá að þeir myndu innbyrðis í kyrkjunni nokkurskonar framfaraflokk, sem að mestu leyti samanstóð af góðum og göfuglyndum mönnum. Honum varð þegar ljóst, að kenningar Fariseanna voru mis-skildar.

Ofan á alt þetta bættist það, að honum óx í augum hinn pólitiski kraftur og veldi rómverska keisaradæmisins. Hann vissi það að ríki það sem meistarinn boðaði, var ekki af þessum heimi. Hann var kominn að þeirri niðurstöðu, að boð-

skapur hans ylli pólitiskum æsingum. Hann hræddist stjórnleysið og vildi leggja sinn skerf til að koma í veg fyrir það, og mönnum er hreint ekki ókunnugt um það, hvernig stjórnmálamenu Gyðinga voru á þeim tínum. Hann sá hundrað árum fyrirfram. En Bar-Kochba-upphlaupin og þeirra hræðilegu afleiðingar.

Ásamt þessum pólitisku áhyggjum, sem frelsishreyfingar samtíðarinnar ollu, þá saamtvinnuðust þeim í hinum hvíkula en skarpskygna huga hans, ýmsar aðrar áhyggjur, einkum og sérstaklega jafnaðarkenningin. Það voru fiskimenn og iðnaðarmenn, sem kenning þessi var boðuð, og í eyrum þeirra hljómi aði hún sem indæl sönglist, allir menn væru bræður og jafningjar, en eftir Júdasar skilningi gekk sú kenning langt fram úr hófi, og gat haft hættulegar afleiðingar fyrir þjóðfélagsheildina.

Honum reis hugur við, að sjá allan stéttamun úr gildi naminn, og alla máttarstólpa þjóðfélagsins niðurbrotna. Hann snerist nú algjörlega á móti þeim athöfnum, sem haun um lungan tíma hafði tekið þátt í, og mjög svo dáðst að, gagnvart auðmönnum og bankaeigendum. Á mjög eftirtektaverðan hátt voru þeir reknir og flæmdir úr musterinu. Júdas gat ekki séð í þessu annað en langt úr hófi keyrandi trúarofstæki. Það væri ekki rétt að ganga fram hjá því að geta þess, þó það ekki hafi eins mikla þýðingu, að Júdas var í insta eðli sinu mjög síðgóður maður, sem ekki einungis gætti þess stranglega, að gefa ekki tilefni til neinna síðferðislegra ávirðinga og hataði alla hræsni og yfirskin, sem verið var að reyna að hylja með ýmis-konar ósæmi. Það var því ekki að undra, þegar ungar stúlkur, sem lent höfðu fyr meir í ósiðferðislegu drasli, eins og t. d. María frá Magdólum o. fl., hölluðust að þessum litla flokki og gengu í fylgdarlið meistarans,—en það skal tekið fram Júdasi til verðskuldaðs hróss og afsökunar,— að honum geðjaðist ekki að þessum félagsskap og hefði lengi þráð, að fá tækifæri til að yfirgefa hann.

Svo snerist hann þá fyrir fult og alt. Sú sannfæring varð alt af sterkari hjá honum, að það væri meistaranum fyrir

beztu, að hann (Júdas) rifi sig út úr þessum æsingaflokk. Hann vildi gera alt sem í hans valdi stæði, til að koma meistararum undan. Svo þegar Rómverjarnir snúa sér til hans, þí synjaði hann þeim ekki aðstoðar sinnar. En vel að merkja— það var í hans augum að *cius bráðabyrgðarráðstöfun*. Það er hann meinti að gera, var að eins það, að skeða frelsi í bráðina, til hagsmuna syrir alla flokkana. Það var ekki hans skuld, þó sú tilraun mislukkaðist.

Hann hafði altaf borið hreina og fölskvalausa ást til hans, sem hann í æskunni kallaði meistara og herra. Hann elskoði hann enn. Það hefir verið geitt mikið veður út af því, að hann kysti hann á þessu aungnabliki, og þar sem sá koss var það, er einmitt réði úrslitunum. En vafalaust var þessi koss ástúðar- og viðkvæmnismerki. Júdasakossinn hefir ávalt sínan verið notaður sem trúkn og ímynd alls undirferlis og sviksamlegs athæfis. En alveg ranglega. Vilji menn nú efast um að koss Júdasar hafi verið tákna hreinnar og sanunar samkendar og velvildar tilfinningar, þá eru eins góðar og gildar ástæður til að draga efa á hreinskilni og ráðvendni danska stjórnarforsetans, þá hann í þeirri andránni, sem óvænlegast horfðist á fyrir honum, lýsti því yfir, að hann elskoði frelsi og framfarir. Nei, eins og hr. Estrúp þrýsti vörum sínum á bókstaf stöðulaganna, í krafti og nafni laganna, alveg eins þrýsti Júdas vörum sínum á kinn Jesú. Það sem Júdas gerði, það gerði hann til þess að meistari hans væri óhultur, alveg eins og hr. Estrúp gjörði það sem hann gjörði til þess að *varðveita* stöðulögin syrir komandi tíma.

Loksins komuin vér þá að þessum 30 silfurpeningum. Frásagnirnar um þá hafa menn sannað að væri að eins þjóðsaga eða ýkjusaga. Það eru fengnar nokkurnveginn áreiðanlegar sannanir fyrir því, að þegar alt var um garð gengið, hafi Júdas meðtekið nokkurskonar heiðursgjöf frá Rómverjum, en það er mikið bil þar á milli, og álíts þess, sem alt af hefir verið á lofti haldið, að hann hafi selt sig. Hann var alt of göfugum lyndiseinkunnum búinn til þess, að gjöra það. Eins og margir nútíðarmenn, er hann í þessu atriði misskilinn og fyrir rang-

sök hafður. Hann fór nákvæmlega eftir sannfæringu sinni, sem að vísu hafði breyzt, og þáði laun frá yfirvöldunum, þá honum voru þau boðin, án þess á nokkurn hátt, að láta í ljósi að hann sækti eða vonaðist eftir þeim. Það var alt og sumt.

Að endingu er líklegast réttast að minnast á sjálfsmorðssagnirnar um hann, þó það ætti ekki að þurfa að taka það fram, að þær eru tómur lygasamsetningur óvina hans. Róbúrðurinn lætur aldrei sitt eftir liggja, hvað það áhrærir. Ekkert er honum kærara, en að svívirða minningu hins framlíðna. Það var langt frá því, að Júdas legði hendur á sjálfan sig, þvert á móti! Hann litði mörg ár eftir atburð þenna, fyrst í Jerúsalém og síðan í Róm, og var einna mest metinn og virtur sinna samtíðarmanna. Eftir því sem sum rit skýra frá, þá varð hann lærimeistari í samkunduhúsum Gyðinga, sem hann í raun og veru altaf hafði verið. En eftir frásögum annara rita, varð hann að vísu ekki lærimeistari, en fékk stöðu, sem að nokkru leyti samsvarar því, sem vér köllum kyrkjusjárhaldsmenn eða kyrkjuumsjónarmenn. Aftur segja önnur rit, að hann hafi orðið útgefandi eða meðútgef. „Acta Diurna“, hinna opinberu rómversku stjórnartíðinda, sem Július Cæsar stofnaði, þá hann varð ræðismaður í fyrsta skifti. Stjórnartíðindi þessi innihalda ýmsa atburði, sem fyrir komu í keisarafjölskyldunni, svo sem fæðingar, dauðsföll, erfisdrykkjur og ferðaskýrslur og þar að auki ýmsar skýrslur um ríkis málefni, skýrslur um aðgerðir öldungaráðsins og að síðustu allskonar ættartöluskýrslur. Sennilegast er, að hann hafi haft ýmsar af þessum stöðum á hendi. Að hann var vitur og velmetinn, bæði utanlands og innan, er að minsta kosti alveg áreiðanlegt.

Pýtt hefir

SIGTR. ÁGÚSTSSON.



Til Unitara.

Það einingarband, sem að bundið er hér,
er bundið í þjóðernis anda.

Sem Ísalands börn skulum aðhafast vér,
sem Íslands börn falla og standa.

Til heilla sé rakin til Ása vor ætt,
við Aðsina bindum vér trúnað og sætt.

Í sáðreit vorn plöntum vér drengskap og dygð
sem dáendur Krists hafa glatað.

Úr heiminum rekum vér hjátrú og lygð,
svo hver geti óleiddur ratað.

Oss ásborinn manndómur æðst verði' í sál,
og æ finnist hreint hjá oss Norðursins mál.

Ef sameinum dygðirnar allar í eitt,
svo einn sé sá guð, er vér trúum,
ef sannleika treystum, oss sigrar ei neitt,
þá sólskin er visst hvar vér búum,
þá „verður það ljós“, sem að lýsir í sál,
þá lifa mun Braga og Heimdalls mál.

S. B. B.

Sam. og Dr. Edw. Everett Hale, Jr.

Út af þeirri frétt var lagt hér í Norðurkyrkjunni í vetur, að Edward Everett Hale, Unitarinn frægi og rithöfundurinn, væri horfinn frá Unitörum og orðinn orþodox. Slíkt hefir ekki komið fyrir enn. Gamli Dr. Hale er enn jafn öruggur forvígismaður hinnar frjálsstu kyrkju í heimi og hann hefir nokkru sinni verið. Það var hlaðið á hann heilmiklu lofsordi fyrir, hve mikill ágætismaður hann væri og hefði verið, sem því miður verður

sjálfsagt að takast aftur, fyrst það reyndist ósatt, að hann hefði breytt um trú.

Margir voru þeir þó hér, sem álitu þessa frétt sanna, með því að hún var í fullri alvöru flutt, og áttu alls ekki von á, að hún væri að sgildi við aðrar flugusregnir, er ganga mann frá manni. Enda var fótur fyrir þessari sögu, en farið manna vilt. Það var sonur gamla öldungsins, er eittihvað hefir orðið undarlegur nú í seinni tíð, prof. Edw. Everett Hale, sem er kennari við Union College, Schenctady, N. Y. Hann lýsir þeirri breyttingu, er yfir sig hafi komið, á þessa leið, í Chicago-blaðinu „Epworth Herald“:

„Eftir því sem vikan leið varð eg var við undarlega breytting á sjálfum mér, sem eg gat ekki og ætla ekki að útskýra í þetta sinn. Ánægja sú, sem eg hafði af hinum ýmsu störfum, sem líf mitt útheimnti, rénaði og smá deysðist. Í stað þess mig langaði til að ljúka við hversdagsstarf mitt, svo að eg gæti notið glaðværðar og skeintana, þá fann eg að sú löngun var á förum. Fagurfræðisbákur, lærðómsfýsn, leikhús og ýmislegt, er eg ekki þarf að tilnefna, er upptók huga minn, heillaði mig ekki lengur. Enn fremur ýmsar ráðagjörðir, framtíðar möguleikar og tilbreytingar, er eg hafði í huga, urðu mér áhuga-laus efni. Það eina, sem eg hafði hugann við, varð nú hversdagsstarf mitt og nokkur smáatriði fremur þur, í samanburðar-málfræði, er eg hafði með höndum. Þótt eg findi mig vera að missa þannig lífsgleðina, olli það mér engri eftirsjá. Fögnuður yfir fegurð náttúrunnar hvarf þó ekki með öllu. En svo man eg það að einn morgun, þá eg horfði út um gluggann á röð Aml-trjáa, sem eg hafði skemt mér við að horfa á um nokkur undan farin ár á morgnana, þegar eg klæddist, og skoða litbreytingu þá er þau tóku með breyting árstíðanna, að eg sagði algjörlega fullsinna við sjálfsan mig: Skyldi það vera á förum líka? Og áður en eg hafði lokið orðunum, fann eg að ást míni að fegurð náttúrunnar var og töpuð með öllu hinu. Vafalaust kemur þetta þó aftur. Enda óska eg þess sannarlega, en um stund hefir það yfirgefisíð mig, og líf mitt tapað öllu því, er gjört hefir

það tilveru vert. Samt sem áður fann eg ekki til neinnar sérstakrar vöntunar, eg hélt jafnvel að eg bæri hlýrri huga, eða segjum meiri kærleika, til manna yfirleitt, er eg mætti þeim á götunum, eftir en áður. — — — Mér varð þá ljóst, að eg hafði tapað allri sjálflöngun til lífsins, svo að eg gæti viðtekið *Krist sem meistara*. Þess vegna hefi eg og opinberlega gjört það”.

Það ofanprentaða sjýnir sig sjálfst. Það hefir verið gjört mikið umtal um það að próf. Hale hafi yfirgesið Unitarakyrkuna og gjörst þrenningartrúarmaður. Nokkrar Bandaríkjakyrkjur hafa fagnað yfir því stórmikið, og er ekki á öðru að sjá, en þrátt fyrir alt sé Unitarar alleftirsóknarvert fólk, og stórvíðbét að fá þá í safnaðarfélagsskap nær sem þess er nokkur kostur. Þó hefir ekki neinn almennur fögnumbur eða umtal spunnist út af þessu atviki. Og það er ekki þess vegna, sem vér fundum ástæðu til að minnast þessa viðburðar í „Heimi“. En það er íslenzka lúterskan hér í bænum, sem þykist einna mest hafa grætt við þetta tilvik. Þó er ekki svo að sjá, að próf. Hale hafi gjörst safnaðarmaður hér, né látið skipast fyrir fortölur matrónanna, er leggja nú fyrir hvers manns dyr eins og skattskrifarár eða förumannaflokkar. Sam. hefir flutt langa grein um þetta mál og telur ritstj. próf. Hale einn hinn fremsta Unitara álfunnar. Oss vitanlega hefir próf. Hale aldrei haft mikil afskifti af trúmálum, frá því fyrsta, því hann er í fæstu líkur hinum stórgáfaða föður sínum, mikilmenninu gamla dr. Edward Everett Hale, Unitara presti í Boston.

En svo er annað að athuga. Próf. Hale segir sjálfur ekki eitt einasta orð — í yfirlýsingu þessari, sem hann gjörir, — um nokkur trúarumskifti. Heldur að eins að hann hafi snúið frá því, sem honum var áður til mestrar ánægju, til guðrækilegra þugana. Lýsing sú, sem hann gefur af sjálfum sér, er jafnvel átakanlega raunaleg. Hann missir alla lífsgleði. Fær óbeit á bókmentastarfi öllu, fagurfræði og listum. Það er eins og hann hafi fallið af sólbjartri vonarhæð ofan í afgrunn örvaætingar og eymda — eins og hann hefir líka gjört, — hafi hann í

sannleika skift um trú—og í sínu síðasta ástandi grátið yfir horfimið saelu og sálargleði, er hann að eins eygir út í fjarska horfimarr tíðar.

Honum þykir ekki vistin betri en þetta með sínum nýju bræðrum og vinum. Hann óskar sér til baka,—það er næstum eins og hrópið „Eli Eli lama sabachthani—og að sjálfssögðu kemst hann til baka, nái hann heilsu á ný og sínu fulla frelsi og manndómi. — Ef ekki, verður hann kyrr. En hrósi þeir happi, sem vilja. Mikill er sá sigur kyrkjunnar steingjörfu, að leggjast að þeim sem lífsgleðina hafa mist og þegar þeir eru fyrst orðnir að aumingjum, þá fyrst að fera þá í dýrðlingatöluna.— „Hve hæglega beygir þú bugaða sál, til botns hverja andstygð að súpa”.

Himinn og Víti.

Eftir STEFÁN SIGFÚSSON.

Sérhver óbrjálaður hugsandi maður ætti að vita það nú—og ef hann ekki veit það, þí að leitast við að komast til sannferingar um það—að *himinn og víti* eru alls engir eiginlegir stádir, heldur að eins ástönd. Himinn og víti eru sem sé alveg jafnt komin bæði undir kringumstæðunum, hér meint það, sem innifyrir með manninum er, eins og því, sem umhverfis mann er, og svo líka þá aðalseigininu eða lyndisháttheldinu. Heppilegustu útkomurnar leiða af góðum áformum í sameining við þægileg færi og greiðari umhverfur. Verstu útkomurnar fást við sameining vondra áforma við niðurdragandi eða mæðandi umhverfur eða kringumstæður. Á hinu langa skeiðhlaupi, takandi mannkynið eins og það er, þá eru það niðurdragandi og mæðandi umhverfurnar, sem búa til lygara og bragðarefni eða svikara úr sumum, en saurlifnaðarmenn og þjófa úr öðrum. En gætum nú að, þessir hinir sömu þjófar, glæpamenn og mordingjar eru hinir mest einlægu og vér verðum að segja í orðsins beinu merkingu mest guðhræddu (frómu) trúendur á

komandi paradísir og víti, á endurlausn fyrir annarlega verðskuldun, á sáluhjálp fyrir milligöngu eða umboð. Guðrækni eða guðhræðsla glæpa eða sakamanna, er einn undarlegasti, en um leið hinn óbrigðulasti dráttur eða einkenni á félagslífnu í heiminum, eins og það er í undirrótinni.

Ef svo væri, að vondir menn og góðir menn yrðu gjörsamlega aðskildir, hvað mundi þá koma út? Jú, himir góðu mundu strax í stað byrja að missa af réttlæti sínu, að eins fyrir þá sök, að þá vantaði viðeigandi og verðugan starfa. Þó menn séu að lasta þenna heim, þá er því nú samt svo varið, að hana er nærrí hugsyndarþýtt pláss fyrir frjálsar verur og frjálsa gjör-endur til að neyta krafta sinna á. Hér gefst manninum tækifæri til betrunar með því að gjöra aðra betri. Hversu er eigi mikil í það varið og hversu er það líkt því, sem vér hugsum oss að það framast ætti að vera? „Sælla er að gefa en þiggja“ sagði meistari vor, en það getur líka verið auki til sélum í því að þiggja af sannlega góðum gjafara, þetta veitir þessi heimur, það er víst, hið sagða orð, að engin hamingja (eða gleði) hvíldi nokkurntíma, eða héldi áfram að vera á nokkrum öðrum grundvelli, en óeigingirninni og þörfinni, að vera til aðstoðar og miðla. Hinn illi er eins verulegur eða nauðsynlegur hinum minnur-illa, eins og hinir betri eru hinum verri nauðsynlegir. Himinn, þar sem eintómir heilagir ættu heima, yrði sviftur því, sviftur öllum færum að gjöra gott. Víti, fult af stigmunandi árum og pükum, mundi óhjákvæmilega taka að batna eða fara batnandi, sökum þess að hinir minnur-illu og lágu mundu taka fyrir sig að gjöra ástandið minnur óbærilegt; það er blátt áfram sálfræðisleg nauðsyn. Svo mundi það hér um bil fara svo, að himininn í og af hinni alskæru sjálfelsku eða eigingirni sinni mundi staðna uppi í réttlætinu og stöðugt fara aftur, eða úrkynjast, meðan víti mundi stig af stigi bæta ástand sitt og skilyrði sín og síns lýðs. Þetta mundi svo enda í himni verðandi óbærilegum, og víti, sem þó vonirnar ætti sér, já, efnilegu til frambúðar.

Það er ekki hægt að láta hinn eina og sama himinn henta til fullnustu tveim persónum og því síður tveim stórunum hópum

manna. Lyndisfar og aðalseigin er myndað eða bygt upp af smekkum og tilfinningum. Í þeim tilgangi að gera persónur eða hópa manna jafna, þyrfti að breyta lyndisfarinu eða aðalseiginu, það leiðir af sjálfu sér. En að breyta þessu, er sama sem að umþreyta manninum, gjöra manninn eitthvað annað en sjálfan hann, það mundi að engu gera alt það, sem lífið hefir gjört til að mynda hann, og myndi skapa ólíkan persónuleika eða mann.

Af þessum ástæðum er það örðngt fyrir nokkurn, að hafa smekk eða löngun eftir hvaða himni sem er, sem predikaður er, eða getur orðið af annari persónu eða manni; það verður allis-endis ómögulegt, að hugsa sér eða skilja jafnan eða breytingar-lausan himinn, sem þá ekki útheinti breyting á aðalseiginu.

Böl gjörir ekkert víti, ekki heldur gleði himinn. Hinir syndugustu eru ekki hinir aumustu eða voluðustu. Hinir göf-ugustu hafa stærst grip fyrir sorgina, eru næmastir fyrir henni, og rúma hana mesta, og hinir verstu eða lægstu verða svo sam-dauna eða í samkomulagi við ástand sitt, að það verður þeim þóknanlegra og skemtilegra en það ástand, sem öðrum skapar paradís. Sem dæmi þess má tilfæra, sem flestum mun kunn-ugt eða liggja í augum uppi, að móðir drykkjuraðilsins líður meira en hennar auðnulausa úrkynjaða afsprengi. Áframhald og eftirlátsemi við synd deyðir hæfileikann fyrir að líða, eins og líka hæfileikann til þess að hryggjast (bæði deyðir, kælir og rekur burt sorg og yðrun). Af þessari ástæðu er það, að hvers-kyns himinn, þar sem góðir menn einir dveldu eða skipuðu, hann hlyti með tímanum að hafa að geyma súrari pínu og líð-anir, heldur en víti, þar sem hinir niðurlægðu, eða afbrota-mennirnir héldust við. Petta er jafnt hugsanrétt, sem sálfræð-islega rétt. Myndir af himni eða alsælustað, sem víti eða al-vansælustað, eru yfirleitt vanhugsáðar og villandi. [Niðurl.]

HEIMIR kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn.— Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimisbyggingunni austan við Unitarákyrkjuna, á suðausturhorninu á Sherbrooke og Sargent strætum, Winnipeg Man. —

Ritstjóri sfra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.